

AUGLÝSING um deiliskipulag í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi. Íbúðarreitur milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki.

Byggðarráð Skagafjarðar samþykkti á 7. fundi sínum 20. júlí 2022 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarreits milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki. Breytingin felur í sér skilmálabreytingu þar sem heimilað er að byggja 3ja íbúða raðhús í stað parhúss á lóðinni við Ránarstíg 3-7 og jafnframt er gerð breyting á uppdrætti sem sýnir breytt staðföng og fjölgun bílastæða á viðkomandi lóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 27. júní 2023.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. júní 2023